

## SAMÞYKKT

### um kattahald í Garðabæ.

#### 1. gr.

##### *Almenn ákvæði.*

Kattahald í Garðabæ sætir þeim takmörkunum sem fram koma í samþykkt þessari. Umhverfisstofnun fer með mál er varða dýravernd samkvæmt lögum nr. 15/1994 um dýravernd.

#### 2. gr.

##### *Tilgangur.*

Markmið samþykktar þessarar er að stuðla að því að umráðamenn katta tryggi þeim góða vist, sjái til þess að þeir séu ekki á flækingsi og að af þeim stafi hvorki ónæði né tjón. Markmið hennar er einnig að stuðla að verndun á viðkvæmu fuglalífi Garðabæjar.

Foreldrar/forráðamenn eru ábyrgir fyrir köttum ólögráða barna sinna.

#### 3. gr.

##### *Stjórnsýsla.*

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

#### 4. gr.

##### *Kattahald í fjöleignarhúsum.*

Um kattahald í fjöleignarhúsum gilda ákvæði laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

#### 5. gr.

##### *Meðferð katta.*

Umráðamanni kattar er skylt að sjá til þess að farið sé vel með kött hans samkvæmt lögum nr. 15/1994 um dýravernd.

#### 6. gr.

##### *Merking katta.*

Allir kettir sem eru eldri en fjögurra mánaða skulu örmerktir af dýralækni skv. stöðlum Alþjóða staðlaráðsins (ISO 11784 eða 11785). Kettir skulu bera hálsól með upplýsingum um heimilisfang og símanúmer eiganda.

#### 7. gr.

##### *Gelding fresskatta.*

Gelda skal alla fressketti sex mánaða og eldri sem ganga lausir utandyra.

#### 8. gr.

##### *Fuglalíf á varptíma.*

Umráðamanni kattar ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma frá 15. apríl til 31. ágúst með því að hengja bjöllu á köttinn og eftir atvikum að takmarka útiveru hans. Bæjarstjórn er heimilt vegna fuglalífs að banna kattahald á ákveðnum svæðum sveitarfélagsins. Slíkt bann verður staðfest sem breyting við samþykkt þessa.

## 9. gr.

*Ormahreinsun.*

Umráðamanni kattar er skylt að láta ormahreinsa kött sinn árlega á viðurkenndri dýralækna-stofu, sbr. 58. gr. um hollustuhætti nr. 941/2002, og ber hann allan kostnað af hreinsun hans. Skylt er að ormahreinsa alla ketti fjögurra mánaða og eldri. Umráðamanni er skylt að geyma hreinsunar-vottorð í þrjú ár og framvísa því við eftirlitsaðila ef óskað er.

## 10. gr.

*Ónæði og óþrif af völdum katta.*

Umráðamanni kattar er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Kattareiganda ber að greiða allt það tjón sem köttur hans veldur mönnum, dýrum og á munum, svo og greiðslu alls kostnaðar við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

## 11. gr.

*Óheimilir staðir.*

Köttum má hvorki hleypa inn í húsrými né inn á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 með reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Heilbrigðisnefnd er þó heimilt að fenginni beiðni hlutað-eigandi stofnunar að veita undanþágu til að halda ketti sem gæludýr á heilbrigðis- og meðferðar-stofnunum, sbr. ákvæði 4. ml. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar um hollustuhætti.

## 12. gr.

*Takmörkun réttar.*

Heilbrigðisnefnd er heimilt að takmarka rétt viðkomandi til að halda kött ef fyrir liggja skrif-legalar kvartanir um ónæði eða hættu sem af kettinum stafar og eiganda eða umráðamanni tekst ekki að koma í veg fyrir það.

## 13. gr.

*Handsömun katta.*

Heilbrigðisnefnd gerir ráðstafanir til að fækka flækingsköttum enda skal það auglýst tryggilega. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fanga ketti í búr og færa í sérstaka kattageymslu í eftirfarandi til-fellum:

1. Sé köttur ómerktur.
2. Sé ítrekað kvartað undan ágangi katta á tilteknu svæði.

Köttur, sem fangaður er þannig, skal geymdur í sjö daga. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan þess tíma skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða aflífaður. Ef eigandi gefur sig fram eða hægt er að hafa upp á eiganda skal hann greiða áfallinn kostnað vegna handsömunarinnar.

Umráðamaður kattar, sem fluttur er í kattageymslu, skal greiða handsömunar-, fóður- og vist-unargjald skv. gjaldskrá sem bæjarstjórn Garðabæjar setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Bæjarstjórn Garðabær skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

## 14. gr.

*Viðurlög.*

Um valdsvið og þvingunarúrræði er vísað til VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi laga nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Um málskot fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

15. gr.  
*Gildistaka.*

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 30. apríl 2012.*

F. h. r.  
**Sigurbjörg Sæmundsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Íris Bjargmundsdóttir.*